

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Pálssonar um óðalsjarðir í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum.

*1. Hve margar óðalsjarðir eru í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslum?*

Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið fékk hjá hlutaðeigandi sýslumannsembættum eru átta óðalsjarðir í þeim umdæmum sem fyrirspurnin beinist að.

*2. Hverjir eiga þessar jarðir og hvar eru þær?*

Samkvæmt upplýsingum úr þinglýsingabókum eru eftirtaldar óðalsjarðir í Reykjavík, Kjósarhreppi og Mosfellsbæ:

Brautarholt I, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Páll Ólafsson.

Brautarholt II, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Jón Ólafsson.

Dalsmynni, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Bjarni Bærings Bjarnason.

Krókur, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigendur: Gunnar, Ólafur, Anna Margrét, Hólmfríður, Guðbjartur og Steinunn Guðbjartsbörn.

Saurbær, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Anna Sigurðardóttir.

Varmidalur I, Kjalarnesi, Reykjavík. Eigandi: Jón Jónsson.

Meðalfell, Kjósarhreppi. Eigandi: Gísli Ellertsson.

Hrísbrú, Mosfellsbæ. Eigandi: Ólafur Ingimundarson.

*3. Hve mörgum þessara jarða hefur verið skipt, hvernig var þeim skipt og milli hverra?*

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum og veðbókarvottorði frá embætti sýslumannsins í Reykjavík hefur jörðinni Brautarholti verið skipt í Brautarholt I og II með landskiptagerð milli núverandi eigenda. Lóðir hafa verið seldar úr jörðunum Dalsmynni, Saurbæ og Hrísbrú og hafa gengið kaupum og sölum eftir það milli fleiri aðila.